

Spurningakeppni áttahagafélaga

Skaftfellingafélagið mun senda keppnislið í spurningakeppni áttahagafélaganna, en hún verður haldin dagana 28. febrúar, 7. mars, 21. mars og 11. apríl. Úrslitakvöld er fyrirhugað 24. apríl 2013. Breiðfirðingafélagið, Húnavetningafélagið og Skaftfellingafélagið skiptast á að hýsa keppnina, en það verður nánar auglýst á síðu félagsins, skaft.is og í fjölmiðlum þegar nær dregur.

Fyrirlestur um breyttan lífsstíl án öfga

Hefur þú áhuga á að breyta um lífsstíl og koma þér í gott form á nýju ári? Við hjónin höfum á undanförunum tveimur árum breytt lífsstíl og venjum fjölskyldunnar án þess að fara í megrun og án þess að banna okkur nokkuð. Við höfum lést samtals um 60 kg. Við viljum segja þér hvernig við fórum að. Fyrirlesturinn kostar 5.900 kr. á mann og fylgir hefti sem hefur að geyma góðar upplýsingar sem nýtast í framhaldinu.

Hjón og pör fá smá afslátt. Námskeiðið er haldið í sal Skaftfellingafélagsins að Laugavegi 178 mánudaginn 28. janúar og hefst kl. 20 og stendur í um tvær klukkustundir.

Skráning fer fram hjá Guðrúnu á Heilshugar.com@gmail.com

Bestu kveðjur, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir og Tjörvi Óskarsson

Myndakvöld: Skaftafellssýslur – hamfarahrjáða land

Fá landssvæði í heiminum hafa orðið fyrir jafnmiklum náttúruhamförum og Skaftafellssýslur og er það óþrjótandi umfjöllunarefni. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur heldur fyrirlestur og myndasýningu í Skaftfellingabúð fimmtudaginn 21. febrúar, kl. 20. Eftir kaffihlé sýnir Svavar M. Sigurjónsson myndir frá Ingólfi Ísólfsyni og Sigurði Þórarinssyni úr ferðum þeirra um Skaftafellssýslur á fyrrihluta síðustu aldar, meðal annars frá ferð Ingólfs með Oddi í Skaftafelli á Hvannadalshnúk 1936.

Aðgangur ókeypis, en kaffiveitingar seldar í hléi.



Ingólfur Ísólfsón og Oddur Magnússon á Hvannadalshnúki

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Útleiga Skaftfellingabúðar

er í höndum Skúla Oddssonar form., s. 864 3415



Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

Ritstjóri: Sigurlaug J. Sigurðardóttir

1. tbl. janúar 2013

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Spilakvöld**
í samvinnu við Rangæinga í Skaftfellingabúð
kl. 20, fimmtudagskvöldið
17. janúar 2013
31. janúar 2013
14. febrúar 2013
28. febrúar 2013

- **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð kl. 20
fimmtudagskvöldið
21. febrúar 2013

- **Skaftfellingamessa**
í Breiðholtskirkju kl. 14
sunnudaginn
17. mars 2013

- **Afmælistónleikar**
í Seltjarneskirkju
fimmtudagskvöldið
4. apríl 2013

- **Spurningakeppni**
28. febrúar 2013
7. mars 2013
21. mars 2013
11. apríl 2013
24. apríl 2013 (úrslit)

- **Þórbergsganga**
Þingholtsstræti 33 kl. 14
Laugardaginn 6. apríl 2013

- **Vorkaffi**
í Skaftfellingabúð kl. 14
sunnudaginn 5. maí 2013

- **Aðalfundur**
í Skaftfellingabúð kl. 20
þriðjudagskvöldið
7. maí 2013

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Skaftfellingafélagið er á
[facebook](#)

Þorrablot

Skaftfellingafélagsins verður haldið í Skaftfellingabúð


laugardaginn 26. janúar 2013

og hefst með borðhaldi kl. 20 – húsið opnað kl. 19

Glæsilegt þorrahlaðborð frá Höfðakaffi

Kvartett valinkunnra Skaftfellinga

Um veislustjórn og gamanmál sjá heiðursmennirnir
Halldór Þorsteinsson og Hákon Kristmundsson



skáld frá Svínafelli



úr Vík

Hljómsveitirnar Ballest og Fossabandið leika fyrir dansi

Ballest skipa Ingibjörg Jónsdóttir, Einar Bjarki Hróbjartsson,
Jón Geir Birgisson, Oddsteinn Árnason og Valdimar S. Einarsson.
Fossabandið skipa Björk Björgúlfsdóttir, Björgúlfur Þorsteinsson, Hlynur
Þór Agnarsson og Pétur Davíðsson.

Við miðþapöntunum taka

Hákon – 821 2115 og Helgi – 899 4818

til og með 23. janúar

Miðaverð kr. 6.200 / eftir borðhald kr. 1.500

Skaftfellingamesa í Breiðholtskirkju

Sunnudaginn 17. mars kl. 14 verður Skaftfellingamesa haldin í Breiðholtskirkju. Prestar Breiðholtskirkju, þau sr. Gísli Jónasson og sr. Bryndís Malla Elísdóttir þjóna fyrir altari, en auk þess eru prestarnir sr. Sigurður Kr. Sigurðsson og sr. Gunnar Stígur Reynisson og kirkjukórar úr Austur-Skaftafellssýslu boðaðir til messunnar. Kórarnir leiða saman messusöng undir stjórn organistanna og kórstjóranna Friðriks Vignis Stefánssonar og Kristínar Jóhannesdóttur á Höfn. Söngfélag Skaftfellinga selur kaffi að messu lokinni í safnaðarheimili kirkjunnar.

Söngfélag Skaftfellinga 40 ára

Söngfélag Skaftfellinga var formlega stofnað í núverandi mynd þann 25. mars 1973 og telst því fjörutíu ára um þessar mundir. Í tilefni af því verður efnt til afmælistónleika fimmtudagskvöldið 4. apríl, kl. 20 í Seltjarnarneskirkju. Þann 17. mars syngur kórinn við árlega Skaftfellingamesu og sunnudaginn 5. maí syngur kórinn í vorkaffi



Skaftfellingafélagsins. Þá hefur verið ákveðið að gefa út geisladisk í tilefni afmælisins. Mikill kraftur er í kórstarfinu og hefur Söngfélagið á að skipa fjölda góðra féлага. Í október síðastliðnum tók Söngfélag Skaftfellinga þátt í átthagakóramóti fyrir fullum sal í Háskólabíói og var gerður mjög góður rómur að söng kórsins. Alltaf er þó rúm fyrir nýja féлага sem áhuga hafa á að taka þátt í starfi kórsins. Upplýsingar um kórstarfið veitir stjórn kórsins:

Kolbrún Einarsdóttir formaður, Guðlaugur Jón Ólafsson, Kristjana Rósmundsdóttir, Sveinn Hjörtur Hjartarson, og Unnur Stefanía Alfreðsdóttir.

Afmælistónleikar Söngfélags Skaftfellinga 4. apríl 2013

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2012-2013

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeir@reykjafell.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is

Varastjórn Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hákon Jón Kristmundsson og Rúnar Þór Guðbrandsson.

Gengið um slóðir Þórbergs Þórðarsonar í Reykjavík

Laugardaginn 6. apríl, kl. 14 leiðir Pétur Gunnarsson rithöfundur Þórbergsgöngu. Lagt verður upp frá Þingholtsstræti 33 þar sem Þórbergur leigði kvistherbergi í húsi Þorsteins Erlingssonar. Það var jafnframt í fyrsta skipti sem hann var sér um herbergi, þá 25 ára gamall. Þaðan höldum við niður í Garðastræti og nemum staðar frammi fyrir Unuhúsi þar sem Þórbergur hafði viðkomu hjá vini sínum Erlendi að heita má daglega frá 1925 til dauðadags Erlendar í febrúar 1947. Frá Unuhúsi göngum við niður á Norðurstíg 7, svo Vesturgötu 35 og loks Stýrimannastíg 9 þar sem Þórbergur bjó í heil ellefu ár eða þar til hann gekk að eiga Margréti Jónsdóttur í október 1933.

Þetta eru þeir staðir sem heimsóttir verða og verður sögð saga Þórbergs á hverjum stað, hvað fyrir hann bar, hvað hann var að fást við, hverja hann umgekkst, o.s.frv. Allir eru þessir staðir svo að segja á lófastórum bletti og yfirferðin því ekki mikil í rúmi, en þeim mun meiri í tíma eða frá 1914 til 1933. Ef veður er mjög gott er ekkert á móti því að ganga frá Stýrimannastíg upp á Hringbraut 45 og dvelja við blokkina þar sem Þórbergur bjó frá hausti 1943 til dauðadags 12. nóvember 1974.



Vorkaffi

Sunnudaginn 5. maí kl. 15 verður árlegt vorkaffi Skaftfellingafélagsins í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Söngfélag Skaftfellinga minnst 40 ára afmælisins og syngur nokkur lög undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar. Kaffihlaðborð í boði söngfélaganna og Skaftfellingafélagsins.

Aðalfundur

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins verður haldinn þriðjudagskvöldið 7. maí 2013, kl. 20 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Hreinsunardagur í Heiðmörk

Allir sem þrá að láta gott af sér leiða og taka til hendinni í fögru umhverfi mæta í lund félagsins í Heiðmörk laugardaginn 1. júní, kl. 10, með nesti, sagir, klippur og annað er að gagni kemur við fegrun lundarins.